

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2018

Tilvísun: 201802-0009/07.00

Efni: Umsögn Þjóðminjasafns Íslands um Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, ásamt greinargerð, mál nr. S-5/2018, og Umhverfisskýrslu stefnumarkandi landsáætlunar, mál nr. S-6/2018

Þjóðminjasafn Íslands fagnar setningu laga nr. 20/2106 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og vinnu við þær áætlanir sem getið er hér að ofan og eru til umsagnar.

Aðkoma Þjóðminjasafns Íslands að landsáætlun um uppbyggingu innviða er vegna húsasafns Þjóðminjasafnsins. Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands telur 64 hús á 40 stöðum um land allt. Húsin eru mikilvægur hluti safnkosts Þjóðminjasafnsins og eru til vitnis um byggingarhætti fyrri alda. Í húsasafninu eru torfhús, torfkirkjur, timburhús, timburkirkjur, steinhlaðin hús og steinsteypt hús. Flest þeirra eru byggð úr lífrænum efnum sem eru bæði viðkvæm fyrir náttúruöflunum og ágangi manna og þarfnast stöðugrar athygli og umsjónar.

Húsin eru óaðskiljanlegur hluti menningarlandslags, umhverfis síns og sögu. Kirkjurnar eru t.d. síðasti liður í aldalangri byggingar- og búsetusögu kirkjustaða og órjúfanlegur hluti nánasta umhverfis síns, kirkjugarðsins. Torfbæirnir og torfkirkjurnar eru einstök dæmi um aðlögun mannsins að umhverfi sínu og um nýtingu náttúrunnar sem byggingarefnis þar sem byggingar og náttúra renna saman í órjúfanlega heild. Á sumum stöðum hafa, auk bæjarhúsa úr torfi, m.a. varðveist útihús, túngarðar, matjurtargarðar og traðir sem mynda menningarsögulegar búsetuminjar.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að torfhús ásamt tengdu menningarlandslagi séu hluti af yfirlitsskrá Íslands fyrir þá staði sem koma til álita fyrir tilnefningu á heimsminjaskrá UNESCO.

Húsum í húsasafninu er haldið við sem menningarsögulegum minjum. Þau eru opin almenningi eftir því sem ástand þeirra leyfir og þau gegna veigamiklu og sívaxandi hlutverki í menningarstarfi margra sveitarfélaga og ferðaþjónustu. Þeir staðir sem byggðir hafa verið upp þannig að unnt sé að taka á móti ferðamönnum með góðu móti eru eftirsóttir viðkomustaðir ferðamanna og menningartengd ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein.

Mikilvægt er að horfa til þess að menningarsögulegar minjar geta í sjálfu sér verið innviðir svo sem túngarðar og traðir úr torfi eða grjóti sem afmarka minjastaði eða stýra umgengni um staðina. Hús í húsasafninu eru ennfremur að hluta til notuð til móttöku ferðamanna og geta í sumum tilvikum komið í stað uppbyggingar nýrra innviða. Þjóðminjasafn Íslands telur því

mikilvægt að mögulegt sé að veita fjármagni til viðhalds menningarsögulegra minja sem nýtt eru sem innviðir sbr. 4. liður 2. gr. laga um landsáætlun.

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*.

Aftur á móti er í *Drögum að greinargerð með stefnumarkandi landsáætlun* lögð mikil áhersla á umfjöllun um náttúru Íslands og verndaraðgerðir sem grípa þurfti til vegna ágangs ferðamanna á kostnað umfjöllunar um menningarsögulegra minja. Vissulega dregur náttúra landsins að yfirgnæfandi fjölda þeirra ferðamanna sem til landsins koma. En ekki má gleyma þeim sem gagngert koma til landsins til að upplifa menningu okkar og sögu en eflaust eru margir ferðamenn sem gera hvorutveggja; skoða náttúru og menningarminjar. Að mati Þjóðminjasafns Íslands er í greinargerðinni ekki með nægjanlegum hætti getið um þann vanda sem glímt er við á minjastöðum vegna fjölgunar og ágangs ferðamanna. Minjastaðir eru allflestir af takmarkaðri stærð og erfitt að dreifa álagi á þeim og vandinn þar er síst minni en á stærri stöðum sem ferðamenn sækja náttúrunnar vegna.

Þjóðminjasafn Íslands leggur því til að í upphafi greinargerðarinnar 1. INNGANGUR standi:

Náttúran er eitt helsta aðdráttarafl ferðamanna sem sækja Ísland heim en menningarsögulegar minjar eru einnig aðdráttarafl ferðamanna. Samhliða mikilli fjölgun erlendra ferðamanna til landsins hefur álag á náttúruna og menningarsögulegar minjar vaxið umtalsvert. Til að slík nýting á náttúru og menningarsögulegum minjum landsins geti orðið sjálfbær og í sátt við samfélagið allt þurfa að vera til staðar viðeigandi innviðir til að taka á móti þessum mikla fjölda gesta.

Mikilvægt er að greinargerðin taki mið af þeim athugasemdum sem gerðar eru hér að ofan enda á landsáætlunin að byggja á lögum um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Í fyrrnefndum lögum er ekki getið um takmarkandi aðgerðir hvað varðar gjaldfrjálsa umferð almennings. Því er gerð athugasemd við íþyngjandi kvaðir sem koma fram í greinargerðinni á bls. 25 en þar segir:

Áætlunin tekur ekki til virðisaukandi þjónustu, s.s. reksturs safna eða gististaða, og verður viðkomandi staður að vera opinn gjaldfrjálsri umferð almennings eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Landeiganda er þó heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Ekki verður séð að þetta sé í samræmi við lög um landsáætlun. Í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru, eins og áður getur, rúmlega 60 hús á 40 minjastöðum um land allt. Á mörgum minjastöðum eru rekin byggðasöfn í húsum Þjóðminjasafnsins og aðgangseyrir að húsum eða svæðum stendur að hluta til undir kostnaði við móttöku ferðamanna og viðhaldi húsa, umhverfi þeirra og innviðum. Ekki er réttlætanlegt að ekki sé hægt að innheimta aðgangseyri að slíkum stöðum ef þeir hljóta framlög til innviðauppbyggingar.

Í kafla 5. STEFNUMÓTANDI MARKMIÐ OG ÁHERSLUR er m.a. vikið að nauðsyn þess að setja lög og reglur um stýringu. Að mati Þjóðminjasafns Íslands er mjög mikilvægt að



settar verði skýrar reglur um það á hvern hátt sé unnt að takmarka aðgang ferðamanna að einstökum menningarsögulegum minjum eða loka þeim tímabundið vegna viðgerða eða til þess að koma í veg fyrir ágang utan auglýsts opnunartíma og um viðurlög séu reglur brotnar.

Við *Umhverfisskýrslu stefnumarkandi landsáætlunar*, mál nr. S-6/2018 gerir Þjóðminjasafn Íslands eftirfarandi athugasemdir:

Í áætluninni er gert grein fyrir þeim skuldbindingum og áhrifum sem heimsminjasamningur UNESCO hefur, og að taka þurfi sérstakt tillit til þeirra staða á Íslandi sem hafa verið samþykktir inn á heimsminjaskrána. Rétt væri þó að taka einnig til umfjöllunar svokallaða yfirlitsskrá Íslands fyrir heimsminjaskrá (e. *tentative list*), en þar er að finna lista yfir staði sem til greina kemur að tilnefna. Markmið yfirlitsskrárinnar er einmitt að kortleggja þá staði sem taldir eru hafa mikið vægi og hvetja til þess að verndun þeirra og uppbygging taki mið af varðveislugildi þeirra. Því er mikilvægt þegar horft er til langtíma áætlunargerðar að það séu ekki eingöngu staðir sem nú þegar eru á heimsminjaskrá sem horft sé til, heldur einnig þeir sem eru á yfirlitsskránni (sjá: http://heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&Itemid=51).

Mikilvægt er að hugtakanotkun í textanum sé í takti við þær skilgreiningar sem stuðst er við í þeim lögum sem hafa áhrif á áætlunina. Sem dæmi má nefna að í áætluninni er í tvígang nefnt „jarðfastar fornminjar“, en skv. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar“. Í sömu grein er síðan gert ítarlegri grein fyrir skilgreiningu fornleifa, sem er væntanlega það sem átt er við með jarðföstum fornminjum.

Á bls. 17 þar sem fjallað er um vernd náttúru og menningarsögulegra minja, er m.a. talað um „að í greiningu á ástandi staða ... felst m.a. greining á tilteknum menningarminjum á staðnum, ...“. Nú er ekki alveg ljóst við hvað er átt. Skv. 16 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal fornleifaskráning fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Þarf ekki sú greining sem nefnd er að byggja á fornleifaskráningu svæðisins og því rétt að taka það fram?

Í heimildaskrá á bls. 24 er ekki getið *Laga nr. 140/2011 um Þjóðminjasafn Íslands*, *Safnalaga nr. 141/2011*, *Safnastefnu á sviði menningarminja (2017)* né *Menningarstefnu (2013)*.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir
þjóðminjavörður